

# STJÓRNARTÍÐINDI A 32 — 1974

---

11. október 1974.

409

Nr. 90.

## FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar, þriðjudaginn 29. október 1974.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 29. október 1974.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

*Gjört í Reykjavík, 11. október 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Geir Hallgrímsson.*

16. nóvember 1974.

Nr. 91.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 54 29. maí 1972, um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. tölul. 1. málsg. 5. gr. laganna orðist svo:

1. fjárveitinganefnd, skipuð 10 mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 16. nóvember 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Geir Hallgrímsson.*

A 52